

REGLUGERÐ

Um fjárhæðir greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.
REGLUGERÐ um fjárhæðir greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu
fæðingarstyrks.

1. gr.

Hámarksfjárhæðir greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt 1. mgr. 24. gr. nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof, skulu vera sem hér segir til foreldra í fæðingarorlofi:

- 700.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt föstur fyrir 31. desember 2024.
- 800.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt föstur frá og með 1. janúar 2025 til og með 31. desember 2025.

2. gr.

Lágmarksgreiðsla skv. 1. málsl. 3. mgr. 24. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof skal nema 197.441 kr. á mánuði.

Lágmarksgreiðsla skv. 2. málsl. 3. mgr. 24. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof skal nema 262.061 kr. á mánuði.

3. gr.

Fæðingarstyrkur skv. 1. málsl. 1. mgr. 38. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof skal nema 131.260 kr. á mánuði.

Fæðingarstyrkur skv. 2. málsl. 1. mgr. 38. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof skal nema 262.601 kr. á mánuði.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 3. mgr. 54. gr. laga nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1453/2024, um fjárhæðir greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 2. júlí 2025.

Inga Sæland.

Bjarnheiður Gautadóttir.

B deild - Útgáfudagur: 3. júlí 2025

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.